Nr. 63 7. desember 2022

# AUGLÝSING

**um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.**

Hinn 12. nóvember 2007 var undirritað í Lundúnum samkomulag milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008. Alþingi hafði með þingsályktun nr. 23/135 hinn 30. maí 2008 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samkomulagið. Samkomulaginu var beitt til bráðabirgða frá 1. janúar 2008.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.*

F. h. r.
**Martin Eyjólfsson.**

*Anna Jóhannsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**SAMKOMULAG**
**milli Íslands og Rússneska sambandsríkisins um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2008.**

1. Með vísan til sameiginlegrar bókunar um niðurstöður viðræðna um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2008, sem undirrituð var í dag af Rússneska sambandsríkinu, Evrópubandalaginu, Færeyjum, Íslandi og Noregi, hafa sendinefndir Íslands og Rússneska sambandsríkisins komið sér saman um að rússneskum fiskiskipum verði veitt heimild til að veiða á árinu 2008 allt að 6.539 lestir af síld innan efnahagslögsögu Íslands utan línu sem er dregin milli eftirtalinna punkta:

   A. 64°00'N – 09°00'V
   B. 67°00'N – 09°00'V
   C. 69°25'N – 13°00'V

2. Aðilar munu semja um nánari skilyrði varðandi veiðarnar.

London, 12. nóvember 2007.

| | |
|---|---|
| Fyrir hönd Sendinefndar Íslands: | Fyrir hönd sendinefndar Rússeska sambandsríkisins: |
| Stefán Ásmundsson | Sergey Belikov |

**ARRANGEMENT**
**between Iceland and the Russian Federation**
**on Access to the Icelandic Exclusive Economic Zone in 2008**

1. With reference to the Agreed Record of Conclusions signed today between the Russian Federation, the European Community, the Faroe Islands, Iceland and Norway on the Management of the Norwegian Spring-Spawning (Atlanto-Scandian) herring stock in the North-East Atlantic for 2008, the Delegations of Iceland and the Russian Federation have agreed that Russian fishing vessels shall be granted access in 2008 to take up to 6.539 tonnes of herring within the Icelandic Exclusive Economic Zone outside a line drawn between the following points:

   A. 64°00´N – 09°00´W
   B. 67°00´N – 09°00´W
   C. 69°25´N – 13°00´W

2. The Parties will agree upon further provisions on the conditions of the fisheries.

London, 12 November 2007

| | |
|---|---|
| For the Delegation of Iceland | For the Delegation of the Russian Federation |
| Stefán ÁSMUNDSSON | Sergey BELIKOV |